

Fyrsti íslenski forseti Samtaka hjarta- og lungnaskurðlækna á Norðurlöndunum

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir á Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, hefur verið kjörinn formaður Samtaka hjarta- og lungnaskurðlækna á Norðurlöndunum (Scandinavian Association of Thoracic Surgery).

Í samtökunum eiga sæti allir sérfræðingar í hjarta- og lungnaskurðlækningum á Norðurlöndunum og er helsta hlutverk samtakanna að skipuleggja fræðslu- og vísindastarf innan sérgreinarinnar. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur er valinn forseti í 66 ára sögu samtakanna og segir Tómas að eflaust hafi ráðið úrslitum að hann hafi undanfarin 7 ár verið forseti systursamtaka SATS en þau heita Society of Scandinavian Research in CardioThoracic Surgery (SSRCTS).

„Aðaláhersla okkar á vettvangi SSRCTS hefur verið að lyfta undir vísindarannsóknir yngra fólksins í greininni og efla samstarf á milli hjarta- og lungnaskurðeilda á norrænum spítölum. Þetta hefur gengið mjög vel og sennilega þess vegna sem mitt nafn kom upp þegar kjósa átti nýjan forseta SATS. Þetta er sannarlega mikill heiður fyrir mig, enda ungur miðað við fyrri formenn, en þetta eru ansi öflug samtök með nærri 500 félaga. Samtökin eru mjög virk og halda stóra ráðstefnu á hverju ári og það er í rauninni meginstarfið enda mikil vinna í kringum slíkt þinghald. Við höfum verið að stækka áhrifasvið okkar ef svo má segja og styrkja kollega okkar í Eystrasaltlöndunum til að taka þátt. Við gerum ráð fyrir um eða yfir 700 þátttakendum á næsta ársþingi SATS



Tómas Guðbjartsson er fyrsti íslenski forseti SATS, Samtaka hjarta- og lungnaskurðlækna á Norðurlöndunum.

sem verður einmitt haldið í Reykjavík í ágúst 2016.“

Tómas segir 22 hjarta- og lungnaskurðeildir samtals á Norðurlöndunum og í gegnum starf sitt sem forseti systurfélagsins SSRCTS hafi hann nú þegar heimsótt þær langflestar og komið á samstarfi á milli margra þeirra um vísindarannsóknir. „Við erum með nokkur mjög spennandi stór rannsóknarverkefni í gangi sem ég hef átt þess kost að leiða. Slík tengsl eru lykillinn að því að viðhalda hinu norræna samstarfi en það hefur verið viss tilhneiging í þá átt að leita út fyrir Norðurlöndin til stærri landa í Evrópu og Bandaríkjana. Ég tel að í rauninni sé heppilegra að eitt

minni landanna, eins og Ísland, hafi forgöngu um norrænt vísindasamstarf þar sem ákveðinn rígur getur verið milli stærri sjúkrahúsa. Hér á Landspítalanum er minnsta deildin af þessum 22 en það þýðir ekki að við séum faglegir eftirbátar, síður en svo, og við njótum virðingar til jafns við hinar stærstu. Tilgangur minn með heimsóknum á norrænu deildirnar er líka að mynda tengslanet til að auðvelda íslenskum sérnámslæknum í greininni að komast að á bestu sjúkrahúsum á Norðurlöndunum.“

Tómas Guðbjartsson lauk læknánámi frá Háskóla Íslands árið 1991 og stundaði síðan framhaldsnám í almennum skurðlækningum og hjarta- og lungnaskurðlækningum í Svíþjóð og framhaldsnám í hjartaskurðlækningum við Harvard-háskóla í Boston. Tómas hefur verið virkur í kennslu og rannsóknum og hefur birt hátt í 200 vísindagreinar og bókakafla, flestar á sviði hjarta- og lungnaskurðlækninga. Að auki hefur Tómas verið virkur í félagsstörfum en hann er formaður prófessoraráðs Landspítala og situr í ritstjórnnum *Interactive Cardiovascular and Thoracic Surgery* og *Læknablaðsins*. Tómas situr jafnframt í stjórnnum Ferðafélags Íslands og Vina Vatnajökuls, er forsprakki Félags Íslenskra fjallalækna (FÍFL) og formaður Skvassambands Íslands.

Tómas er giftur Dagnýju Heiðdal listfræðingi og eiga þau tvö börn, Guðbjörgu, tónlistarkonu og grafískan hönnuð, og Tryggva, nema í lyfjafræði.